

Svör Hægri grænna við spurningum Landssambands hestamannafélaga:

1. Er þinn flokkur tilbúinn til að lögfesta í vegalögum lögverndun reiðvega sem tryggði öryggi hestamanna og bannaði um leið umferð mótorknúinna ökutækja nema sem um getur í 5. gr. a. 1.mgr. umferðalaga?

Svar: Já, það gerum við strax eftir kosningar.

2. Árlega skapast miklar gjaldeyristekjur í kringum íslenska hestinn og hestatengda ferðaþjónustu. Er þinn flokkur tilbúinn að beita sér fyrir auknu fé til reiðvegamála t.d. ½ til 1% af þeim gjaldreyri sem hestamennskan skapar?

Svar: Já, en betur má ef duga skal, við ætlum að setja 3% af þeim gjaldeyri sem hestamennskan skapar.

3. Telur þinn flokkur ástæðu til að færa reiðvegi frá umferðarpungum akvegum?

Svar: Já, en með aðkomu hestamanna sjálfra, þeir vita best hvernig þessi mál eiga að vera, en við ætlum að setja u.þ.b. 1 milljarð í gamla og nýja reiðvegi á næstu misserum.

4. Er þinn flokkur tilbúinn að beita sér fyrir því að hestaíþróttir verði viðurkenndar sem sérstök námsbraut í framhaldsskólakerfinu, þannig að þeir sem ljúka þar námi öðlist réttindi til t.d. tamninga, þjálfunar, kennslu og að taka að sér og leiða hópa í ferðamennsku á hestum ?

Svar: Já, þetta verður gert strax eftir kosningar og bjóða einnig upp á kennslu á háskólastigi.

5. Er þinn flokkur tilbúinn eftir kosningar til að skoða skattalegt umhverfi hestamennskunnar með það að markmiði að minnka kostnað þeirra sem stunda hestamennsku?

Svar: Já, við ætlum að gjörbreyta skattaumhverfinu og einfalda það.

6. Er þinn flokkur tilbúinn til að beita sér fyrir lagabreytingu þannig að allir þeir sem eiga og rækta íslenska hestinn sitji við sama borð þegar kemur að ákvarðanatöku um hann.

Svar: Þetta er eitthvað sem hestamenn og samtök þeirra verða að ráða sjálfir, ríkið á helst ekki að vera að skipta sér af atvinnugreinum of mikið.

7. Er þinn flokkur tilbúinn til að skoða frekari uppbyggingu íþróttareiðhúsa um landið.

Svar: Já, allstaðar sem því verður við komið.

8. Er þinn flokkur tilbúinn til þess eftir kosningar að gera samning við Landsamband hestamannafélaga um þau verkefni sem LH og hestamannafélögin sinna hér á landi og erlendis fyrir íslenska hestinn og þá sem honum una. Á ári hverju taka einstaklingar á vegum LH starf í því mikilvæga sjálfbóðaliðsstarfi sem fram fer innan FEIF, sem eru alþjóðasamtök í kringum íslenska hestinn.

Svar: Já

9. Er þinn flokkur tilbúinn til að setjast niður eftir kosningar með forsvarsmönnum Landsmóts hestamanna og finna lausn á þeim vanda sem varð til þegar fresta þurfti Landsmóti um eitt ár vegna „Smitandi hósta“ sem herjaði á íslenska hrossastofninn vorið 2010?

Svar: Já